

Textíll 8.-10. Bekkur.

Kennari: Ásrún Aðalsteinsdóttir

Kennsluaðferðir: Hlutverk list- og verkgreinakennarans í hverri grein er að styðja nemandann við að þróa hugmyndir sínar, kenna honum verklag við hæfi, þjálfra hann í skapandi, greinandi og túlkandi vinnubrögðum og hjálpa þeim að raungera hugmyndir sínar, bæði í einstaklingsog hópverkefnum. Er það forsenda þess að nemendur geti fundið styrk sinn, tekið frumkvæði og þróað eigin útfærslur í vinnu með auknum þroska og aldri.

Kennsluáætlanir eru aðgengilegar á mentor.

Námsmat: leiðsagnarmat, kannanir, sjálfsmat og jafningjamat eru leiðarljósín í námsmati í kennsluáætlunum og eftirfylgni í næstu kennsluáætlun. Markmið eru metin í mentor og birtast á hæfnikortum nemenda í lok hverrar lotu og svo samantekt í lok skólaárs.

Markmið: Hér fyrir neðan eru hæfnimarkmið Aðalnámsskrár við lok 10. bekkjar og svo bekkjarmarkmið þar sem unnið er að þeim markmiðum sem nemandi á að ná í lok 10. bekkjar.

| | 8.-10. Bekkur | |
|-----------------------------|---|--|
| Handverk aðferðir og tækni. | <p>Við lok 10. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none">• beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða,• rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði,• unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf. | |
| Sköpun hönnun og útfærsla. | <p>Við lok 10. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none">• beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu,• skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt,• lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök,• nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnninn hátt um efni sem tengist textílsögu, hönnun og iðnað | |
| | | |

| | | |
|-----------------------------|--|--|
| | | |
| Menning og umhverfi. | <p>Við lok 10. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • útskýrt tjáningarmáta og tákn textíla og tísku út frá mismunandi stíl, áferð og efniskennd, í tengslum við sérkenni íslenskrar textílvinnu, handverks, textílsögu og menningararfs, • fjallað um helstu tákn og merkingar vefjarefna, • sagt frá textíliðnaði og starfsgreinum tengdum fatagerð og textílhönnun, • sagt frá vinnslu textílefna við mismunandi aðstæður og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd. | |
| Menningarläsi. | <p>Við lok 10. bekkjar getur nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna, • hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði, • tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi, • skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga, • beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt, • sett verkefni sín í menningarlegt samhengi, • tjáð sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir, • sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði, • metið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem viðkomandi námsgrein býr yfir. | |
| | | |
| | | |

